

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Sjúkratrygginga Íslands um frumvarp til laga um breytinga á lögum um sjúkraskrár (umsýslumboð). 906. mál, lagafrumvarp. 154. löggjafarþing 2023-2024.

Vísað er til erindis velferðarnefndar Alþingis sem sent var Sjúkratryggingum Íslands þann 16. apríl sl. Óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkraskrár (umsýslumboð). Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið var það kynnt í samráðgátt og sendu Sjúkratryggingar umsögn, dags. 25. febrúar sl. Stofnunin þakkar nefndinni fyrir að fá annað tækifæri til að senda umsögn vegna málsins.

Áhrif lagasetningar

Í umsögn Sjúkratrygginga, dags. 25. febrúar sl. var lýst yfir ánægju með frumvarpið. Um er að ræða lausn sem beðið hefur verið eftir, þannig að hægt sé að veita öllum notendum heilbrigðisþjónustu og aðstandendum þeirra, umboðsmönnum og talsmönnum, þá þjónustu sem er í boði í vefgáttum stofnana sem vinna með heilbrigðisupplýsingar og tryggja örugg samskipti.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið þá féllst heilbrigðisráðuneytið á athugasemdir í umsögn stofnunarinnar og gerðu breytingar á 19. tl. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Var þannig skilgreining á heilbrigðisgátt¹ uppfærð með tilliti til umsagnarinnar og þar með skýrt að frumvarpið tekur einnig til rafrænna heilbrigðisgátta Sjúkratrygginga.

Sjúkratryggingar telja rétt að benda nefndinni sérstaklega á eftirfarandi umfjöllun í umsögn stofnunarinnar, dags. 25. febrúar sl.:

Sí velta fyrir sér mögulegum tengslum milli umboðsveitingakerfis Stafræns Íslands á Island.is og umboðsmannakerfis Embættis landlæknis skv. frumvarpinu. Samkvæmt upplýsingum frá Stafrænu Íslandi, sem komu fram á ráðstefnunni Tengjum ríkið hinn 26. ágúst 2021, er unnið að uppbyggingu nýs

¹ Í athugasemdum við frumvarpið er skráð fyrir mistök skilgreining á *umsýslumboði* en þar ætti að standa skilgreining á *heilbrigðisgátt*.

innskráningar- og umboðsveitingakerfis. Er það meðal annars ætlað fyrir stofnanir til notkunar svo hægt sé að veita þriðja aðila umboð og þar með aðgengi t.d. til aðstandenda. Sí telja mikilvægt að skýra muninn á þessum tveimur lausnum og þá þýðingu sem notkun lausnanna tveggja kann að hafa fyrir stofnanir á borð við Sí.

Þá er athygli vakin á umfjöllun í athugasemdum við frumvarpið:

Tekið skal fram að hafin er vinna í starfshópi, sem skipaður var af félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, um þróun á lausnum á rafrænu aðgengi fyrir fatlað fólk, þar sem sérstök áhersla verður lögð á miðlægt stafrænt aðgengi í gegnum m.a. persónulega talsmenn.

Með vísan til þessa vilja Sjúkratryggingar benda nefndinni á mikilvægi þess að þessar þrjár lausnir verði skoðaðar og eftir atvikum tengdar saman, til hagræðis fyrir notendur þjónustu og aðstandenda þeirra, talsmanna og umboðsmanna þeirra. Um er að ræða:

1. Umsýslumboð landlæknis.
2. Samningar félags- og vinnumálaráðuneytis um persónulegan talsmenn (umboð) og rafrænt aðgengi fyrir fatlað fólk og persónulegra talsmenn þeirra .
3. Umboðsmannakerfi Stafræns Íslands (umboð til aðstandenda og annarra umboðsmanna).

Virðingarfyllst,

f.h. Sjúkratrygginga

Elsa Gísladóttir, lögfr.

Skjal þetta er undirritað með rafrænni undirskrift

Afrit:

- Heilbrigðisráðuneytið



Undirritað af:
Elsa Rún Gísladóttir
Dags: 30.04.2024
Tími: 20:49:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 47feb422-982f-
4e5f-ab60-eb3e0081e1a2